

Heilbrigðis – og trygginganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/2288
komudagur 18.6.2002

Reykjavík 6. Júní 2002

Hér með umsögn varðandi Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Umsögn um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Með frumvarpi þessu er stuðlað að frekari umræðu um lýðheilsu á Íslandi sem er löngu orðið tímabært. Tilsvarandi stofnanir hafa lengi verið til í nágrannalöndum okkar og gegnt mjög víðtækum og mikilvægum hlutverkum. Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir mikilvægi og umfangi slíkrar stofnunar og rifja upp hvaða stofnanir eru þegar til sem gegna einhverju af þeim hlutverkum og hvort eða hvernig þær eiga að tengjast væntanlegri lýðheilsustöfnun.

Lýðheilsa eða almanna heilbrigði (public health) byggist á vísindalegum rannsóknum, fagkunnáttu og skoðunum sem er ætlað að viðhalda og bæta heilsu allra landsmanna. Efling lýðheilsu byggist á skipulögðum rannsóknum og aðgerðum á vegum samfélagsins til þess að vernda heilbrigði, stuðla að betri heilsu og bæta heilsutengd lífsgæði og líðan allra þegnanna. Slíkt verður ekki gert nema horfa til vistfræði mannsins og meta áhrif umhverfis og félagslegra atvika á upplag manna. Áherslan er á aðgerðum sem koma öllum til góða með því að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma, óþægindi vegna þeirra, fötlun og ótímabæran dauða, þar með talið læknisfræðilegar forvarnir, meðferð og skynsamleg notkun heilbrigðisþjónustunnar. Slíkar aðgerðir krefjast, auk góðrar læknisfræðilegrar þekkingar, kunnáttu og færni í líftölfræði, faraldsfræði, umhverfisheilbrigðisfræði, stjórnun og á áhrifum vinnu atferlis og kjara á heilsu og sjúkdóma.

Lýðheilsa verður ekki slitin úr samhengi við aðra þætti samfélagsþjónustunnar, eins og menntun, löggæslu, skipulag byggðar, vatnsveitu, gatna- og holræsakerfi auk fjölbættrar annarrar samfélagsþjónustu sem tengist heilsuvernd enn nánar.

Nú þegar eru skilgreindar í lögum ýmsar tegundir heilsuverndar, svo sem; heilbrigðisfræðsla, mæðravernd, ungbarna- og smábarnavernd, heilsugæsla í skólum, ónæmisvarnir, berklavarnir, kynsjúkdómavarnir, geðvernd, áfengis-, tóbaks- og vímuefnavarnir, sjónvernd, heilsuvernd aldraðra, félagsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf, umhverfisheilsuvernd, atvinnusjúkdómavernd og slysavarnir, allt mikilvægir þættir til að vernda og efla lýðheilsu.

Framkvæmd heilsuverndar og annars sem varðar lýðheilsuna er á hendi margra stofnana og embætta auk þeirra fjögurra ráða sem eiga að mynda Lýðheilsustöð samkvæmt frumvarpinu og má þar nefna; landlækni, sóttvarnalækni, heilsugæslu, Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Vinnueftirlit ríkisins, Barnaverndarstofu, Tryggingastofnun ríkisins, Lyfjastofnun, Almennavarnir ríkisins o. fl. Ýmis hagsmunasamtök og áhugamannafélög láta sig heilsuvernd og lýðheilsu mjög varða eins og t.d. Öryrkjabandalag Íslands, Landsamband eldri borgara, Proskahjálp, Geðverndarfélag Íslands, hjartaverndarfélag, krabbameinsfélög, gigtarfélag, SÍBS, Náttúrulækningafélag Íslands o.fl.

Lýðheilsustöð verður að hafa bolmagn til að koma af stað aðgerðum með því að hafa sjálfstæði og yfir nauðsynlegu fjármagni að ráða til að virkja nauðsynleg öfl og hafa áhrif á þá sem eiga að sjá um framkvæmd á því sem gera þarf til að vernda og bæta lýðheilsuna. Stöðin þarf að upplýsa almenning og stjórnvöld og kynna niðurstöður eigin rannsókna og annarra, svo að tekið verði tillit til þeirra við stefnumörkun og ákvarðanatöku um allt sem varðar heilbrigði.


Geðverndarfélag Íslands
Hátúni 10

Öll starfsemi samfélagsins hefur áhrif á lýðheilsu, heilbrigðis- og tryggingamál, fjármál, félagsmál og umhverfismál eru meðal þess sem mestu skiptir. Því er nauðsynlegt að lýðheilsustöð geti fylgst með því sem er að gerast og rannsakað áhrif þess og gripið inn í ef þörf gerist. Til þess að það sé unnt þarf stöðin að geta aflað gagna og rannsakað árangur heilbrigðiskerfisins og hvað þurfi að gera til að bæta hann, rannsakað hverjir séu hugsanlegir áhættuþættir og hvernig megi koma í veg fyrir sjúkdóma eða draga úr afleiðingum þeirra og fundið aðferðir til að efla heilsu landsmanna, virkni og vellíðan.

Sjálfstæði, örugg fjármögnun og aðstaða til að stunda eigin rannsóknir skipta öllu máli fyrir lýðheilsustöð til þess að geta tekist á við vandamál nútímans og næstu framtíðar. Þessi vandamál tengjast breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar, vaxandi misrétti, faröldrum nýrra og eldri sjúkdóma sem munu koma upp og hnattvæðingu viðskipta og áhrifum þeirra á tækni og umhverfi til góðs og ills, þar sem vegast á hagsmunir fólksins og fjármagnsins.

Eins og ráða má af framansögðu er ljóst að frumvarp til laga um Lýðheilsustöð krefst rækilegrar endurskoðunar áður en það verður afgreitt sem lög. Eðlilegast væri að nefnd skipuð sérfræðingum í lýðheilsu, heilbrigðisfræði og embættislækningum kynnti sér hvernig skipun svipaðra stofnana í nágrennalöndum er fyrirkomið og semdi síðan nýtt frumvarp með hliðsjón af því á grundvelli sérþekkingar sinnar.

Virðingarfyllt



Kristinn Tómasson,
Formaður Geðverndarfélag Íslands